

Lögreglustjórinn á vesturlandi.  
Bjarnarbraut 2,  
210 Borgarnesi.

## KÆRA TIL LÖGREGLU

Reykjavík, 18. nóvember 2021.

**EFNI:** Kæra til lögreglu samkvæmt 119. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 vegna talningar atkvæða í Norðvesturkjördæmi í Alþingiskosningum 25. september 2021.

Ég undirritaður Jón Þór Ólafsson, kt. 130377-4089 með vísan til [119. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000](#) kæri hér með til lögreglu vegna mögulegra lögbrota við framkvæmd talningar yfirkjörstjórnar á greiddum atkvæðum í Norðvesturkjördæmi við Alþingiskosningarnar 25. september sl. Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa Alþingis (stundum nefnd undirbúnings kjörbréfanefnd og hér skammstöfuð UKN) hefur birt á vef Alþingis málsatvikalýsingu sem byggist á upplýsingum og gögnum sem nefndin hefur fengið afhent frá dómsmálaráðuneyti með vísan til [112. gr.](#) laga um kosningar til Alþingis, kosningakærum, samtölum nefndarinnar við fulltrúa yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis (YNV), starfsfólk hennar, starfsfólk Hótels Borgarness og kærundur, upplýsingum frá lögreglustjóranum á Vesturlandi, frá umboðsmönnum framboðslista í Norðvesturkjördæmi og landskjörstjórn. Önnur gögn málsins eru jafnframt birt á vef Alþingis, þ.á.m. upplýsingar frá lögreglunni á Vesturlandi með fundargerðum úr gerðabók YNV.

Fram hefur komið opinberlega að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis hafi þegar verið gerð refsing með því að bjóða þeim sektargerð fyrir brot gegn ákvæðum laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 með því að tryggja ekki örugga varðveislu kjörgagna. Þau brot sem hér eru kærð standa til viðbótar við þau brot og telur kærandi nauðsynlegt að lögregla rannsaki þau einnig.

Málavextir virðast vera þessir: Um kl. 7 að morgni sunnudagsins 26. september sl. tilkynnti formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis lokatölur kjördæmisins. Gerðabók YNV segir: “Talningu atkvæða lauk um kl. 07:15 og talningarfólk yfirgaf þá staðinn. Niðurstaðan var þessi: [Atkvæðafjöldi stjórnmálaflokka var ritaður ásamt fjölda

greiddra atkvæða]. Fundi var frestað kl. 07:35 og ákveðið að honum yrði framhaldið kl. 13:00.” UKN staðfestir þetta í málsatvikalýsingu sinni og bætir við að: “Samkvæmt upplýsingum lögreglu hafi síðasti yfirkjörstjórnarmaðurinn farið út úr talningarsal kl. 7.09. [...] Tveir fulltrúar í yfirkjörstjórn sem nefndin ræddi við skýrðu frá því í samtölum við nefndina að venja sé að fara frá kjörgögnum með þessum hætti til að hvílast en halda síðan vinnunni áfram á sunnudegi, þ.e. Frágangi eftir talningu [...]” Af þessu má ljóst vera að talningu var lokið um eða rétt yfir kl. 7 að morgni sunnudags og niðurstöður kosninganna sannanlega bókaðar í gerðabók YNV. Allir sem skyldur eða réttindi höfðu að vera viðstaddir talningu atkvæða yfirgáfu því talningarsvæðið. Fram hefur komið í gögnum málsins og YNV viðurkennt að atkvæðin hafi ekki verið innsiglið og þau geymd óinnsiglið á talningastað og hefur lögreglan þegar sektað meðlimi YNV fyrir það brot á lögum um kosningar til Alþingis.

\*\*\*

### **Möguleg fölsun málsatvika í fundargerðum gerðabókar norvesturkjördæmis.**

Málsatvik fundargerðar sem oddviti YNV lagði fram og fékk bókaða í gerðabók kjördæmisins samræmist hvorki málsatvikalýsingu UKN eftir hennar rannsókn né lýsingu annarra stjórnarmanna YNV eða upplýsingum frá lögreglu. Þetta skiptir sérstaklega máli þegar ákvarðanir YNV eru færðar til bókar en fölsun fundargerða um mikilvæg málefni eða til að hylma yfir lögbrotum getur varðað fangelsisrefsingu með vísan í XIV. kafla, XV. kafla og XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eftir heimfærslu brotsins. Slík brot varða einnig refsingu skv. [124. gr.](#) laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. [1. mgr. 19. gr.](#) sömu laga um skyldu kjörstjórna til að bóka gerðir sínar. Til að meta hvort um vísvitandi fölsun hafi verið að ræða eða vanrækslu vegna mistaka, má horfa til þess að viðkomandi oddviti YNV sem fundargerðina ritar hefur verið ítrekað staðinn að því að fullyrða ranglega um málsatvik frá lokum talningar um morguninn og endurtalninguna þann sama dag. Í fjölmiðlum sagði oddviti YNV talningasalinn læstan og “algjör--lega 100 pró--sent og meira en það að það fór eng--inn inn svæðið þennan stutta tíma sem að eng--inn úr yfir---kjör--stjórn var þarna stadd--ur.” Í málsatvikalýsingu UKN kemur fram að lögreglan hafi staðfest að “Fyrir dyrum að starfsmannarými og eldhúsi eru vængjahurðir sem ekki er hægt að læsa [og] á því tímabili sem yfirkjörstjórn var fjarverandi gengu fjórir starfsmenn hótelsins um fremri salinn, en þegar fólkið hverfur úr mynd kemur til álita að það hafi farið inn í talningarsalinn [...]” Fyrir UKN Alþingis sagði oddviti YNV að: “Hann hafi ekki átt við neinn bunka fyrr en öll yfirkjörstjórnin var mætt og þá hafi C-lista bunki verið skoðaður.” Þetta samrýmist ekki frásögn tveggja annarra yfirkjörstjórnarmanna fyrir UKN: “Einn fulltrúi í yfirkjörstjórn sagði að fjórir yfirkjörstjórnarfulltrúar hafi verið mættir

Þegar C-atkvæði voru skoðuð og samstaða hafi verið hjá yfirkjörstjórn um að fara í endurtalningu. Annar fulltrúi í yfirkjörstjórn sagði að þegar hann hafi mætt í talningarsal kl. 13.03 hafi yfirkjörstjórn verið að skoða atkvæði C-lista [...]" Stundin fjölmiðill greinir svo jafnframt frá því að: "Samkvæmt vitnaskýrslum lögreglu furðar Berglind [Lilja Þorbergsdóttir, starfsmaður yfirkjörstjórnar] sig á því að Ingi [oddviti YNV] og Ingibjörg séu að skoða atkvæði þegar hún kemur [á talningastað kl: 12:30].

Undirritaður telur að rannsaka verði hvernig var ranglega fært í gerðabók kosninganna norðvesturkjördæmi, hverjir bera ábyrgð á þeim fundargerðum með undirskrift sinni og hvort þær rangfærslur varði sektum eða þygri refsingum.

\*\*\*

**Oddviti YNV var einn með óinnsigliðum atkvæðum í rúman hálf tíma, en ein mínúta nægir til að rangfæra atkvæðagreiðsluna með strokleðri og blýanti.**

Í málsatvikalýsingu UKN segir: "Í upplýsingum lögreglu liggur fyrir að fulltrúi í yfirkjörstjórn kom á talningarstað kl. 11.59 en starfsmaður hótelsins hafi tekið aðalhurð salarins úr lás á sama tíma og eftir það yfirgefið salinn. Hefur oddviti yfirkjörstjórnar staðfest á fundi með nefndinni að hann hafi mætt fyrstur á staðinn skömmu fyrir tólf á hádegi sunnudaginn 26. september 2021. [...] Samkvæmt upplýsingum lögreglu liggur fyrir að á tímabilinu kl. 11:59 til kl. 12:28 var starfsfólk hótelsins á ferðinni inn og út úr fremri sal. Einnig liggur fyrir að næsti fulltrúi yfirkjörstjórnar til að mæta á eftir oddvita hafi komið kl. 12.35, sá þriðji kl. 12.50, fjórði kl. 13.00 og sá fimmti kl. 13.03." Fyrir liggur og það staðfest af oddvita YNV að hann hafi verið einn með óinnsigliðum atkvæðunum, sem eitt og sér er ekki heimilt samkvæmt lögum og gæti varðað sektum. Í þessu tilfelli var um að ræða nægan tíma fyrir viðkomandi til að sýsla með hin óinnsigliðu kjörgögn, t.d. til að rugla úrslit talningar atkvæða með því að færa nógu mörg atkvæði á milli flokka eða að rangfæra atkvæðagreiðslu með því að stroka út atkvæði 9 kjósenda og merkja á atkvæðaseðilinn við aðra flokka í staðinn. Hvort tveggja varðar fangelsi allt að fjórum skv. [128 gr.](#) laga um kosningar til Alþingis. Til að meta líkur á slíkum kosningabrotum er mikilvægt að horfa til þess sem fram kemur í málsatvikalýsingu UKN og gerðabók YNV að: "Í fyrsta C atkvæðabunka sem oddviti tók upp reyndust vera átta atkvæði sem tilheyrðu D lista og eitt atkvæði sem tilheyrði B lista." Í málsatvikalýsingu UKN segir svo: "Í samtali við nefndina kom fram í máli tveggja fulltrúa í yfirkjörstjórn að öll rangt flokkuðu atkvæðin í C-lista bunka hafi verið inni í miðjum bunkanum sem tekinn var fyrstur upp." Þetta þýðir að eftir að oddviti YNV var meira eða minna einn með óinnsigliðum atkvæðunum í meira en hálf tíma fann hann sjálfur í fyrsta bunka 50 atkvæða sem hann skoðaði öll 9 atkvæðin

sem breyttu því hvaða þingmenn yrðu jöfnunarmenn og þau fann hann í efsta af 22 atkvæðabunkum Viðreisnar. Sú aðgerð að nota blýant og strokleður til að breyta 9 atkvæðum Viðreisnar í aðra flokka væri hæglega framkvæmanleg á innan við mínútu. Ef sá aðili hefði 5 mínútur gæti hann fundið sérstaklega atkvæðaseðla þar sem kjósandi hafi ekki með X-inu sínu marið kjörseðilinn og því engin ummerki ef atkvæði hans væri strokað út. Oddviti YNV var meira eða minna einn í að lágmarki hálf tíma með atkvæðum sem hann hefur verið sektaður af lögreglu fyrir að ólöglega vanrækja að innsigla.

Undirritaður telur að rannsaka verði það sérstaklega hvort gögn málsins sýni að nægar líkur séu á því að oddviti YNV hafi brotið [128 gr.](#) laga um kosningar til Alþingis með því að hafa vísvitandi rangfært atkvæðagreiðslu. Séu fyrir hendi næg sönnunargögn þess efnis sé rétt samkvæmt lögum að gefa út ákæru þess efnis, því sannanlega hafði hann tækifæri til þess, tækifæri sem hann skapaði sjálfur með lögbroti.

\*\*\*

#### **Síðari talning atkvæða ekki í samræmi við lög.**

Gögn málsins sýna að talningu atkvæða var sannarlega lokið og bókað var í gerðabók YNV að það hafi verið kl. 7:15 um sunnudagsmorguninn og lögreglan staðfest að YNV hafi öll verið farin úr talningasal kl. 7:09. Gögn málsins sýna jafnframt að sjálfstæð ákvörðun var tekin um að telja atkvæðin aftur af meirihluta YNV eftir hádegi sama dag og formlega rétt eftir klukkan 13:00. Í gerðabók YNV segir að eftir kl 13:00: “Vegna ábendingar formanns landskjörstjórnar var ákveðið að fara yfir atkvæði greidd C lista Viðreisnar. [...] Endurtalningin hófst um kl. 15:10”. Lög um kosningar til Alþingis eru skýr varðandi þá aðila sem rétt eiga að vera viðstadda talningu og sinna eftirliti þar. Það eru kjósendur og umboðsmenn lista eða staðgenglar þeirra séu umboðsmenn ekki á talningarstað.

#### **Talningin ekki auglýst.**

[97. gr. 2. mgr.](#) “Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað þá er hún [eða umdæmiskjörstjórn]<sup>1)</sup> komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin.”

#### **Kjósendum ekki gefin kostur á að vera við talningu atkvæða.**

[98. gr. 1. mgr.](#) “Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum svo að kjósendum gefist kostur á að vera við eftir því sem húsrúm leyfir.”

#### **Umboðsmönnum lista ekki gefin kostur á að vera við talningu atkvæða.**

39. gr. 1. mgr. “[...] Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra sem þeir eru fyrir við skoðun og úrskurð listanna. [...] Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á einstökum kjörstöðum og við talningu atkvæða.”

94. gr. 1. mgr. “Umboðsmenn lista eiga rétt á að gæta þess að kjörstjórn og kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina og má hver þeirra átelja við kjörstjórnina það er honum þykir áfátt.”

**Ekki reynt að kveðja til staðgengla umboðsmanna.**

98. gr. 2. mgr. “Nú eru umboðsmenn lista eigi viðstaddir talningu og skal yfirkjörstjórn [eða umdæmiskjörstjórn] <sup>1)</sup> þá kveðja valinkunna menn úr sömu stjórn málasamtökum, ef unnt er, til að gæta réttar af hendi listans.”

Grundvöllur þess að hægt sé að telja atkvæði samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis er að talningin sé auglýst og að ef telja þarf atkvæðin aftur eftir að talningu er sannanlega lokið, eins og henni var í norðvesturkjördæmi kl. 7:15 um sunnudagsmorguninn, þá þurfi að auglýsa þá endurtalningu sérstaklega, eins og gert var réttilega fyrir endurtalningu í suðurkjördæmi.

Undirritaður telur að rannsaka verði hvort þessi vanræksla á framkvæmt kosninga varði sektum, eða þyngri refsingum ef sannast að vanrækslan hafi verið liður í því að fela vísitandi rangfærslu atkvæðagreiðslunnar.


Gögn málsins sýna einnig að oddvita YNV var sérstaklega bent á af formanni Landskjörstjórnar að kveða til umboðsmenn. Þá sýna gögn málsins að umboðsmaður Pírata, sem oddviti YNV hafði vanrækt að upplýsa um endurtalninguna, óskaði að oddvitinn myndi stöðva talningu þar til hann kæmist á talningastað en oddvitinn hundsáð þá ósk. Þar að auki vanrækti oddviti YNV að kveða til staðgengla þeirra umboðsmanna þeirra lista sem hann sannanlega vissi að væru ekki viðstaddir og höfðu óskuðu eftir því.

Undirritaður telur að gögn málsins sýni að oddviti YNV hafi hér meðvitað vanrækt lögbundna skyldu sína, sem lögreglan skuli óháð öðru meta hvort varði sektir eða þyngri refsingu. Þar sem skert aðgengi umboðsmanna lista að talningu atkvæða skerðir eftirlit með framkvæmd YNV á þeirri talningu er nauðsynlegt að rannsaka það í samhengi við mögulega vísitandi rangfærslu atkvæðagreiðslunar.

\*\*\*

Þess er krafist að málið verði tekið til rannsóknar lögreglu án tafar enda málið þess eðlis. Niðurstaða þess getur haft áhrif á ákvörðun Alþingis varðandi gildi kjörbréfa og kosninga, en þó svo sé ekki þá er nauðsynlegt að lögregla framfylgi sínum skyldum að fullu eins og kveðið er á um þær í lögum um kosningar þegar þeir sem bera ábyrgð á framkvæmd kosninganna fara mögulega á svig við löginn.

Með virðingu,



Jón Þór Ólafsson

Umboðsmaður lista í nýafstöðnum kosningum,  
fyrrv. Alþingismaður, fyrrv. formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar  
og framsögumaður frumvarps um kosningalög nr. 112/2021.

**Afrit:** Landskjörstjórn og undirbúningsnefnd Alþingis fyrir rannsókn kjörbréfa.

---

Heimildir er einkum að finna í atvikalýsingu undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa: <https://www.althingi.is/altext/erindi/152/152-168.pdf>

Heimildir er jafnframt að finna í fundargerð yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis sem má finna í [svörum Lögreglustjórans á Vesturlandi til undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa](#), dagsett 15. Október 2021.

Heimildir er jafnframt að finna í gögnum málsins hjá undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/thingnefndir/adrar-nefndir/undirbuningsnefnd-fyrir-rannsokn-kjorbrefa/erindi-til-nefndarinnar/>

Heimild úr Stundinni sem ekki er birt á vef Alþingis: <https://stundin.is/grein/14278/tetta-gerdist-i-nordvestur/>